



Bessastöðum, 16. desember 2016

Sigurður Ingi Jóhannsson
formaður Framsóknarflokksins

Ágæti formaður, Sigurður Ingi!

Á aldarafmæli Framsóknarflokksins sendi ég floknum og fólki hans hugheilar árnaðaróskir.

Margt hefur breyst í íslensku samfélagi frá því að flokkurinn var stofnaður á Alþingi fyrir réttum hundrað árum. Miklar framfarir hafa orðið á mörgum sviðum. Oft átti Framsóknarflokkurinn þar hlut að máli. Og enn eiga hugsjónir Framsóknarmanna um samvinnu, réttlæti og jöfnuð erindi á Íslandi.

Í fyrstu stefnuskrá flokksins var tekið fram að nafni hans væri ætlað að tákna samhygð „við stefnu yngri kynslóðarinnar og sjálfstæðishugsunina“. Þessi markmið eru enn í góðu gildi. Sömuleiðis eru lokaorð hinnar fyrstu stefnuskrár Framsóknarfólki gott leiðarljós þegar gengið er til móts við nýja tíma á nýrri öld. Í þeim er því lýst yfir að Framsóknarflokkurinn vilji af fremsta megni „aftra illvígum flokksdeilum í þingi og utan þings og stuðla að heiðarlegu og undirhyggjulausu landsmálastarfi“.

Með þessum orðum óska ég Framsóknarfloknum velfarnaðar á hinum miklu tímamótum í sögu hans. Framundan eru áskoranir og sóknarfæri sem endranær. Það er í höndum félaga flokksins og leiðtogasveitar að mæta þeim úrlausnarefnum þannig að fólkinu í landinu þyki flokkur þeirra traustsins verður.

Með góðri kveðju,

Gudni Th. Jóhannesson